

Fundargerð

Aðalfundur Veiðifélags Bjarnarfjarðar 2013

Sunnudaginn 22. september 2013 kl 15:00 var haldinn aðalfundur í Veiðifélagi Bjarnarfjarðar að Laugarhóli, Bjarnafirði.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar fyrir rekstrarárin 2007-2012.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
4. Fjárhagsáætlun 2013
5. Kosning stjórnar og skoðunarmanna.
6. Önnur mál.
 - a. Tillaga frá Finni Ólafssyni
 - b. Tillaga frá ábúendum Framnesi
 - c. Önnur mál löglega upp borin.

Mættir eru eftirfarandi fullrtúar eigenda með atkvæðarétt:

Kaldrananes I	Ingi Vífill Ingimarsson
Kaldrananes II	Hörður Olavson
Framnes	Ásgeir Steingrímsson
Bakki	Magnús Rafnsson
Hvammur	Enginn mætti
Skarð	Enginn mætti
Sunnadalur	Enginn mætti
Goðdalur	Páll Gunnlaugsson (með umboð)
Svanshóll	Ólafur Ingimundarson
Oddi	Jóhann Björn Arngrímsson (með umboð)
Klúka	Enginn
Ásmundarnes	Enginn

Aðrir fundarmenn Daði Björnsson og Finnur Ólafsson

Til fundarins var löglega boðað og telst þess vegna löglegur. Mætt er fyrir 67,38% atkvæða.

1. Formaður, Hörður Olavson flutti skýrslu stjórnar.

Aðalfundur var síðast haldinn 2007 en þá var fyrsta árið sem áin var ekki leigð út og landeigendur skiptu með sér dögum í samræmi við arðskipti. Telur Hörður að flestir eigendur séu ánægðir með það fyrirkomulag þó fram hafi komið vilji einstaka landeigenda og annarra aðila til að taka ána á leigu.

Þrjár minkagildir voru keyptar árið 2011 og lagðar í lænur sem renna í ána, í viðbót við gildir sem þegar eru á nokkrum stöðum. Um 10 minkar verið teknir úr gildrunum en engir

síðan vor. Ragnar á Reykhólum hefur séð um þær og tekið úr þeim og selt sjálfur skottin. Einnig hafa sumir landeigendur veitt mink þó ekki hafi borist fréttir af mörgum sporum eftir mink í snjónum við ána í vor.

Árið 2012 sótti veiðifélagið um styrk til Fiskiræktarsjóðs: „Rannsóknarverkefni til að kanna ástæður fyrir minnkandi veiði í Bjarnarfjarðará og hvaða aðgerðir geti helst orðið til að auka hana aftur“. Umsókninni var hafnað á þeirri forsendu að yfir stæði styrkt rannsókn á vegum Veiðimálastofnunar undir nafninu „Fiskistofnar í fallvötnum Strandasýslu og möguleikar til aukinnar verðmætasköpunar af veiðinýtingu.“

Önnur starfsemi á vegum félagsins hefur verið viðhald á vefnum bleikja.net, skiptingu veiðidaga, greiðsla reikninga og svör við fyrirspurnum.

2. Reikningar áráanna 2007 til 2012

Formaður lagði fram reikninga áráanna 2007 til og með 2012 og fór yfir hvert ár fyrir sig og gerði grein fyrir reikningunum.

Einu tekjur áráanna eru vaxtatekjur en sjóður í ársbyrjun 2007 var kr. 1.861.663,- en í árslok 2012 var sjóður kr. 2.041.128,-

Skuldir í árslok 2012 voru 840.000,- sem skiptust þannig að ógreiddur arður var 600 þúsund vegna áráanna 2011-12 og ógreidd stjórnarlaun 240 þúsund fyrir síðustu 5 ár.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði.

Engar umræður urðu um skýrslu stjórnar.

Formaður bar upp reikninga hvers árs fyrir sig og voru reikningar ársins 2007 samþykktir með 7 atkvæðum, reikningar ársins 2008 samþykktir með 7 atkvæðum, reikningar ársins 2009 samþykktir með 7 atkvæðum og reikningar ársins 2010 samþykktir með 7 atkvæðum. Við afgreiðslu reikninga ársins 2011 kom athugasemd frá Finni Ólafssyni um arðgreiðslu fyrir árið 2011 og taldi að það fé ætti að fara til fiskiathugunar í ánni en það hafði verið rætt á aðalfundi 2007 en ekki komið til afgreiðslu.

Formaður benti á að ekki hafi verið greiddur arður vegna ársins 2006 (þegar áin var leigð út) en nú sé gerð tillaga um að hluti eigna verði greiddur út sem arður fyrir árin 2011 og 2012. Ekki liggja fyrir ákvarðanir um framkvæmdir eða önnur útgjöld en eignir félagsins muni áfram duga fyrir rekstrarkosnaði næstu árin. Nokkrar umræður urðu en síðan bar formaður upp reikninga ársins 2011 og voru þeir samþykktir með 4 atkvæðum og enginn á móti. Reikningar ársins 2012 bornir upp og samþykktir með 5 atkvæðum og enginn á móti.

Tillaga kom fram um óbreytt stjórnarlaun frá 2006 og var hún samþykkt.

4. Fjárhagsáætlun 2013

Fjárhagsáætlun yfirstandandi árs var vísað til nýrrar stjórnar.

5. Önnur mál

Tillaga var borin upp um að víkja frá röð fundarefna í fundarboði aðalfundar og taka fyrir liðinn „önnur mál“ á undan stjórnarkjöri. Tillagan var samþykkt.

5.1 Bréf frá Finni Ólafssyni

Eftirfarandi bréf hefur borist stjórn veiðifélagsins frá Finni Ólafssyni:

„Til stjórnar veiðifélags Bjarnarfjarðarár.

Ég (Finnur Ólafsson) óska eftir heimild til að veiða bleikju í gildru til að prufa í áframeldi, með það að leiðarljósi að hægt væri að hefja fiskirækt í ánni í framhaldinu ef það er vilji veiðifélagsins.

Einnig óska ég eftir því að boðað verði til aðalfundar með haustinu.

Kv Finnur Ólafsson
Svanshóli“

Finnur útskýði að hann væri í fiskeldisnámi og áhuga sinn á ræktun seiða úr ánni, miklar umræður urðu um tillöguna og kom í ljós að það standa yfir rannsóknir á ám á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Niðurstaða fundarins var að fresta afgreiðslu til næsta aðalfundar og að þá lægi fyrir rannsóknarskýsla og nánari lýsing á hugmyndum Finns um áframeldi á bleikju og bleikjuseiðum úr ánni.

5.2 Erindi frá Sigurði Óla og öðrum eigendum Framnes í fjórum liðum

Eftirfarandi erindi barst frá eigendum Framnes í 4 liðum og var hver liður ræddur fyrir sig.

„Sæll Hörður,

Við á Framnesi sendum hér með tillögur til breytinga á reglum veiðifélagsins, sem og öðru,

1. Við leggjum til að veiðitími verði 12 tímar á sólarhring. Veiðimaður ákveður tímann, en aldrei meir en 12 tímar á sólarhring.

Ástæða þessarar tillögu er veiði á ósasvæði árinar þ.e á flóði og fjöru, fylgir ekki tímaskiptingum veiðifélagsins. Þetta fyrirkomulag hefur mætt mikkilli ánægju veiðimanna þar sem þetta hefur verið tekið upp.

2. Leggjum til að lagfæringar verði gerðar á Skaufás, þ.e. að áin fljóti sinn gamla farveg.

3. Fá svar við hvernig er málum háttað með klórnotkun eða öðrum hreinsiefnum í sundlaug, og hvort þau renni þá óhindrað úti á

4. Sameining veiðisvæða Bjarnarfjarðarár og Goðdalsár

Með kærri þökk fyrir, landeigendur á Framnesi“

1. Umræður urðu miklar um fyrsta lið erindisins og var meðal annars skoðuð nýtingaráætlun og friðun á vef Fiskistofu. Tillagan var borin undir atkvæði. 2 greiddu atkvæði með tillögunni, mótaskvæði voru 4 og einn sat hjá.

Greinagerð:

Meirihluti taldi að tillöguna illframkvæmanlega án þess að hún bryti í bága við lög sem kveða á um 12 klst hvíldartíma.

2. Ólafur tekur undir tillögu um lagfæringar á Skaufásfljóti að sínu leyti og fræddi okkur um að áin hafi verið mun nær Skarðslandi en hún er í dag og runnið meðfram klöppinni í Skaufásnum. Magnús ræddi um breytinguna á sýkinu í Skaufásnum sem hefur breyst mikið frá því hann kom. Miklar umræður urðu um veiðistaði í ánni og vilji sumra fundarmanna til að laga fleiri staði en í Skaufás t.d. við Hallárdalsfljót en jafnframt var velt upp að áin væri sífellt að breyta farvegi sínum og erfitt að ákveða hvar ætti að hætta í framkvæmdum.

Fram kom eftirfarandi tillaga sem var samþykkt:

Kannaður verði hugsanlegur kostnaður af slíkum framkvæmdum og þær skoðaðar m.t.t. næstu fiskiræktaráætlunar.

- Óformlegar fyrirspurnir varðandi klórnoktun í sundlaug og hugsanleg áhrif á fisk eða seiði benda ótvírætt til að klórnoktun hafi ekki áhrif á vatnasvæði árinna vegna þess hve lítið magnið er og mikillar útpýningar áður en klórinn berst í ána.
- Formaður las upp samkomulag um skiptingu Veiðifélags Bjarnarfjarðarár og Goðdalsbænda sem var gert árið 2000 og gildi í fimm ár. Fram kom hjá Páli að þeirra vilji væri að hafa sama fyrirkomulag áfram. Ólafur ræddi málið og sagði að hann sæi fyrir sér að áin yrði leigð út sem eitt vatnasvæði.

Hörður lagði til að nefnd yrði kosin til að koma með tillögu fyrir næsta aðalfund. Ásgeir taldi þetta góða tillögu og var sammála henni. Tillaga var lögð fram um að Páll Gunnlaugsson, Ásgeir Hermann Steingrímsson og Ólafur Ingimundarson yrðu í nefndinni og var það samþykkt með 7 atkvæðum. Nefndin hafi það hlutverk að koma með tillögum um veiðifyrirkomulag á veiðisvæði Bjarnarfjarðarár.

5. Kosningar

Formaður óskaði eftir framboði eða tilnefningu í stjórn.

Tillögur komu um Jóhann Björn Arngrímsson, Pál Gunnlaugsson og Daða Björnsson í stjórn. Ekki komu fleiri tillögur eða framboð. Samþykkt samhljóða

Eftirfarandi tillaga um varamenn í stjórn kom fram: Hörður Olavson, Magnús Rafnson og Ingi V. Ingimarsson. Samþykkt samhljóða

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir: Ásgeir Hermann Steingrímsson, Ólafur Ingimundarson og til vara, Finnur Ólafsson.

Fleira var ekki tekið fyrir og fráfarandi stjórn þökkuð stjórnarstörf.

Fundi slitið.